

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2024

2024/EES/60/12

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/235 frá 15. janúar 2024 um að samþykkja alkýl-(C12-16)-dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC (C12-C16)) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/208 frá 10. janúar 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/222 frá 12. janúar 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/241 frá 15. janúar 2024 um að samþykkja ekki *Willuertia magna c2c maky* sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12ZZZZZZZZzh (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2052) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12ZZZZZZZZzi. **32024 D 0208:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/208 frá 10. janúar 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/208, 12.1.2024).

12ZZZZZZZZzj. **32024 D 0222:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/222 frá 12. janúar 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/222, 16.1.2024).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/235, 16.1.2024.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/208, 12.1.2024.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/222, 16.1.2024.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/241, 17.1.2024.

12zzzzzzzzzk. **32024 R 0235:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/208 frá 10. janúar 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínatríum-tetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/235, 16.1.2024).

12zzzzzzzzzl. **32024 D 0241:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/241 frá 15. janúar 2024 um að samþykkja ekki *Willaertia magna c2c maky* sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/241, 17.1.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/235 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2024/208, (ESB) 2024/222 og (ESB) 2024/241, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.